



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Félagsleg heimabjónusta
í Árborg

Markmið með félagslegri heimabjónustu:

- Að sinna lögbundinni skyldu.
- Að veita þeim aðstoð sem búa í heimahúsum og geta ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega hirðu vegna öldrunar, tímabundinnar eða langvarandi skertrar getu, fjölskylduáðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.
- Að þjónustukaupendur geti búið á eigin heimili svo lengi sem kostur er og haldi reisu sinni og sjálfstæði.

Leiðarljós þjónustunnar:

- Að aðstoða og styrkja þjónustukaupandann, hvetja hann til aukinnar sjálfsbjargar og sjálfstæðis og reyna að stuðla að sem bestri vellíðan hans.
- Að bera virðingu fyrir heimili þjónustukaupandans, einkalífi hans og fjölskyldu.
- Að virða þagnareiddinn.

Heimabjónusta byggist aðallega á eftirfarandi fimm þáttum:

1. Aðstoð við heimilisþrif

Heimilisþrif eru einn stærsti þáttur heimabjónustunnar. Verkefni og lengd vinnutíma er metinn við upphaf aðstoðar og síðan endurmetið reglulega. Gjald fyrir þjónustuna fer eftir tekjum þjónustukaupanda.

ATH! Gert er ráð fyrir að þjónustukaupandi taki þátt í heimilisþrifum eftir getu.

A. Almenn heimilisþrif

1. Rykhreinsa og skúra gólf. Gólf eru ekki bónuð.
2. Þrifa baðherbergi, þ.e.a.s vask, salerni, bað/sturtu og veggi þar í kring.
3. Þrifa ruslafötuskáp, ísskáp (í sérstökum tilfellum) og í kringum eldavél.
4. Afþurrkun þar sem þjónustuþegi getur ekki sjálfur komið því við.
5. Skipta á og búa um rúm.

B. Gardínur og gluggar

Aðstoð er veitt við þrif á gardínum og gluggum í eldhúsi og á baði x 1 á ári. Um annan gardínupvott er ekki að ræða. Rimlagluggatjöld eru ekki þriffin

C. Þvottur

1. Aðstoð veitt, ef þörf er á, við að setja þvott í vél og/eða frágang á honum.

Takmörkun á þrifum.

- Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþega.
- Miðað er við að heilbrigðir unglingar 14 ára og eldri þrifi sín herbergi sjálfir.
- Sameign í blokkum er ekki þriffin nema í undantekningartilfellum.

2. Aðstoð við innkaup og útréttingar

Hægt er að sækja um aðstoð við matarinnkaup. Slík þjónusta er aðeins veitt x 1 í viku. Æskilegt er að þjónustukaupandi fari með í innkaupin, en annars skal starfsmaður skila afgangi fjármuna og kvittun til hans. Þjónustukaupandi ber alla ábyrgð á því að skil á fjármunum séu rétt.

3. Félagsleg samvera og stuðningur

Félagsleg samvera og stuðningur er órjúfanlegur og samverkandi þáttur í starfi heimabjónustunnar. Þessi þáttur hjálpar til við að rjúfa einangrun og eykur öryggi þeirra sem búa einir og eiga erfitt með að ferðast utan heimilis og hafa tengsl við annað fólk.

4. Innlit – eftirlit

Litið er til þjónustuþega stuttan tíma í einu, reglubundið. Tilgangurinn er að tryggja öryggi og veita eftirlit.

5. Persónuleg aðstoð

Veitt er létt aðstoð við persónulega umhirðu sem ekki telst vera heimahjúkrun

Eldhúsverk.

Matseld og uppvask telst ekki hluti af almennum heimilisþrifum, heldur þarf að semja um það sérstaklega

Athuga skal:

Starfsmönnum heimabjónustu skulu ekki fengnir lykjar að íbúðum þjónustukaupa nema í samráði við forstöðumann.

Hvernig er sótt um félagslega heimabjónustu?

Sótt er um heimabjónustu á þar til gerðu eyðublaði, sem hægt er að ná í á:

1. Heimasíðu Árborgar. Slóðin er:
– <http://www.arborg.is> - **Upplýsingar-Umsóknir – Umsóknir aldraðir.**
2. Skrifstofur heimabjónustunnar að Grænumörk 5, Selfossi.
3. Afgreiðslu Ráðhúss Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi.

Athuga!

Með umsókn þarf að fylgja vottorð eða beiðni frá lækni, heimahjúkrun eða öðrum viðurkenndum aðila sem er þess bær að votta til um vanhæfni eða veikleika umsækjanda.

Í framhaldi af því að umsókn berst, er umsækjandi heimsóttur og gert er mat á þjónustubörf hans. Höfð er að leiðarljósi staða á líkamlegri og andlegri færni og aðstæðum umsækjandans.

Aðstoð félagslegrar heimabjónustu tekur við þar sem getu einstaklingsins sleppir.

Endurmat

Gert er ráð fyrir að öll heimili séu endurmetin reglulega. Það endurmat er í umsjón forstöðumanns félagslegrar heimabjónustu.

Gjaldtaka

Greitt er fyrir heimabjónustu í Árborg samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið hefur sett fyrir félagslega heimabjónustu. Þjónustubegi kvittar undir á sérstakt eyðublað, fyrir þær vinnustundir sem unnar eru hverju sinni og borgar samkvæmt því.

Reikningar fyrir heimabjónustuna eru sendir út annan hvern mánuð.

Þeir sem vinna við félagslega heimabjónustu undirrita drengskaparheit um þagnarskyldu.

Forstöðumaður félagslegrar heimabjónustu er:

Ester Halldórsdóttir Grænumörk 5. Sími: 480-1900

Deildarstjóri heimabjónustu er:

Sonja Eyfjörð Skjaldardóttir Grænumörk 5. Sími 480-1900